

Dómsorð:

Stefndu, hlutafélögin Júpíter og Marz, greiði in solidum stefnanda, Tryggva Sigurðssyni vegna ófjárráða sonar hans Jóhannesar, kr. 325.683.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 21. júní 1957 til greiðsludags og kr. 21.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 14. marz 1961.

Nr. 85/1960. **Sigurður Guðjónsson, Guðný Guðjónsdóttir og Stefanía Guðjónsdóttir**
(Gunnar J. Möller hrl.)

gegn

Haraldi Þórðarsyni, Helgu Elísbergsdóttur, Ísafold Björnsdóttur og skiptaráðandanum í Reykjavík f. h. dánarbús Guðna G. Sigurðssonar (Ólafur Þorgrímsson hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómaramennir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr.

Erfðamál.

Dómur Hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson, borgarfégeti í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. maí 1960 og krafizt þess, að erfðaskrá Guðna G. Sigurðssonar frá 14. desember 1950 verði metin ógild vegna afturköllunar, að viðurkennd verði erfðaskrá hans frá 2. október 1956, að því er varðar eignir þær, sem þar er ráðstafað, en dæmt verði, að aðrar eignir arfleifanda, Guðna G. Sigurðssonar, renni til áfrýjenda sem lögerfingja hans og loks, að þeim verði dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi

stefndu Haralds Þórðarsonar, Helgu Elisbergsdóttur og Ísafoldar Björnsdóttur.

Stefndu krefjast þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og áfrýjendum verði dæmt að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Hér fyrir dómi hefur það verið í ljós leitt, að Guðni Már Henningsson, sem arfahlut fær samkvæmt erfðaskránni frá 2. október 1956, er fæddur 9. júní 1952, og hefur því arfleiðsla til hans verið m. a. undirrot erfðaskrárinnar frá 2. október 1956.

Svo sem rækilega er rakið í úrskurði skiptaráðanda, geymir erfðaskráin frá 14. desember 1950 algera ráðstöfun á eignum Guðna G. Sigurðssonar að honum önduðum. Skrá þessi var nefndan dag undirrituð í viðurvist notarii publici í Reykjavík og innrituð í notarialbókina, og skyldi endurrit úr henni jafngilda frumriti arfleiðsluskrárinnar, „ef það skyldi glatast“. Með erfðaskránni frá 2. október 1956 arfleiddi Guðni G. Sigurðsson þrjú systkini, Sesselju Ragnheiði Henningsdóttur og Örn Elisberg og Guðna Má Henningsyni, að nokkrum tilteknum eignum, svo sem lýst er í úrskurði skiptaráðanda, en lét í þeirri erfðaskrá að engu getið, hverjir hljóta skyldu aðrar eignir hans eftir hans dag.

Guðni G. Sigurðsson afturkallaði eigi erfðaskrána frá 14. desember 1950 í notarialbókinni, og eigi er með gögnum málsins sannað, að hann hafi ótvírætt látið í ljós, að þau ákvæði þessarar erfðaskrár, sem eigi var breytt með erfðaskránni frá 2. október 1956, skyldu úr gildi falla. Verður því að telja þau í gildi, sbr. 32. gr. laga nr. 42/1949, og staðfesta úrskurð skiptaráðanda.

Rétt þykir, að áfrýjendur greiði stefndu, öðrum en skiptaráðanda, málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 3000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Sigurður Guðjónsson, Guðný Guðjónsdóttir og Stefanía Guðjónsdóttir, greiði stefndu Haraldi

Þórðarsyni, Helgu Elisbergsdóttur og Ísafold Björnsdóttur málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður skiptadóms Reykjavíkur 24. marz 1960.

Hinn 12. nóvember 1959 lézt hér í bænnum Guðni Guðjónsson Sigurðsson málari, þá til heimilis að Karlagötu 18, hér í bæ. Uppskrift á eignum dánarbúsins fór fram dagana 25. og 26. nóvember sama ár. Var þá ákveðið, að búinu skyldi skipt opinberum skiptum og að innköllun skyldi gefin út til erfingja og skuldheimtumanna. Sú innköllun var svo gefin út hinn 8. desember 1959 og birt síðast í Lögbirtingablaðinu hinn 6. janúar 1960.

Ágreiningur hefur komið upp um það, hverjir væru erfingjar í búi þessu, og hefur af því tilefni verið rekið sérstakt mál fyrir skiptaréttinum, og var það mál, að loknum munnlegum flutningi, er fór fram hinn 17. þ. mán., tekið undir úrskurð.

Það hefur komið fram í málinu, að lögerfingjar hins látna eru systkini hans, Stefania Guðjónsdóttir, Suðurgötu 4, Guðný Guðjónsdóttir, Dyngjuvegi 16, og Sigurður Guðjónsson, Eskihlíð 20, hér í bæ.

Í ljós hefur og komið, að hinn látni hefur gert 3 erfðaskrár. Sú fyrsta er dagsett hinn 19. desember 1945 og er staðfest notarialiter sama dag. Hefur hún verið lögð fram sem endurrit af notarialbók og þingmerkt sem rskj. nr. 9. Þar arfleiðir Guðni G. Sigurðsson konu sína, Ragnheiði K. Björnsdóttur, að öllum eignum sínum eftir sinn dag. Hann ákveður þar einnig, að ef hún lifi hann ekki, skuli stjúpsonur hans og fóstursonur, Haraldur Þórðarson, hljóta eignirnar. Tekið er fram í skránni, að eftirrit notarialbókarinnar skuli hafa sama gildi og frumritið, ef það skyldi glatast.

Næsta erfðaskrá er dagsett hinn 14. desember 1950 og undirrituð í viðurvist notarii publici sama dag. Er eiginkona Guðna þá látin. Er hér sama málj að gegna og um fyrri skrána, að frumrit hefur ekki komið í leitirnar, og er skrá þessi lögð fram sem endurrit af notarialbók Reykjavíkur og einnig lögð fram í máli þessu sem rskj. nr. 9. Í þessari skrá gerir arfleiðandi þá skipan mála, að Sesselja Ragnheiður Henningsdóttir, þá til heimilis að Efstasundi 68, skuli erfa efri hæð húseignarinnar Karlagötu 18 ásamt öllu því, er eign þessari fylgi og fylgja beri. Örn Elisberg

Henningsson, til heimilis sama stað, skuli erfa tiltekna lausafjár-
munj og auk þess 25 þúsund krónur í peningum, Helga Elísbergs-
dóttir skuli erfa aðra innanstokksmuni og 25 þúsund krónur í
peningum. Ísafold Björnsdóttir, Karlagötu 18, skuli erfa kjallara-
íbúð í húsinu Karlagötu 18 og tiltekna innanstokksmuni. Har-
aldur Þórðarson skuli loks erfa auk móðurarfs síns, sem hann
þegar hafi fengið greiddan, allar aðrar eignir en þær, sem sam-
kvæmt framansögðu hafi verið ráðstafað til annarra, enda skuli
áður hafa verið dregin frá öll gjöld búsins, þar með erfðafjár-
skattur. Loks er ákveðið, að fari svo, að frumrit skrár þessarar
glatist, skuli endurrit af notarialbókinni að öllu leyti koma í þess
stað. Í skrá þessari er ekki vikið að því, að arfleiddandi hafi áður
gert erfðaskrá.

Síðasta erfðaskráin er dagsett og notarialiter staðfest hinn 2.
október 1956. Þar er ákveðið af arfleiddanda, að Sesselja Ragnheið-
ur Henningsdóttir, sem þá á heima að Hæðargarði 10, skuli erfa
kjallaraíbúð hússins Karlagötu 18 ásamt tilheyrandi lóðarrétt-
indum svo og öll málverk, sem hann eigi. Örn Elísberg og Guðni
Már Henningsson, til heimilis sama stað, skuli erfa 2. hæð ný-
nefnds húss ásamt lóðarréttindum, enn fremur skuli Örn Elís-
berg erfa útvarpsgrammófón, en Guðni Már allar bækur arfleidd-
anda. Þessir arfþegar eiga og að erfa skuldabréf Bjarna Bjarna-
sonar, Karlagötu 18. Skrá þessi geymir ekki ákvæði önnur en
þessi, og ekki er þar heldur vikið að fyrri erfðaskrá. Hefur hún
verið lögð fram í frumriti sem rskj. nr. 6.

Af hálfu lögerfingja Guðna G. Sigurðssonar hafa þær réttar-
kröfur verið gerðar í máli þessu, að erfðaskrárnar frá 19. desem-
ber 1945 og 14. desember 1950 verði metnar ógildar vegna aftur-
köllunar, en aftur á móti er viðurkennd arfleiddsluskrá frá 2.
október 1956, að því er varðar þær eignir, sem þar er ráðstafað,
en aðrar eignir renni til lögerfingja. Þess er og krafizt, að varn-
araðiljum, Harald Þórðarsyni, Ísafold Björnsdóttur og Helgu
Elísbergsdóttur, verði in solidum gert að greiða sóknaraðiljum
málkostnað.

Af hálfu varnaraðiljanna, Haralds Þórðarsonar, Karlagötu 18,
Ísafoldar Björnsdóttur, Lynghaga 13, og Helgu Elísbergsdóttur,
Suðurlandsbraut 94 F, eru þær réttarkröfur gerðar, að erfðaskrá,
dagsett 14. desember 1950, verði metin gild og eignum búsins
ráðstafað í samræmi við ákvæði hennar með þeim breytingum,
sem gerðar séu í erfðaskrá, dagsettri 2. október 1956. Varnar-

aðiljar krefjast þess, að sóknaraðiljum verði in solidum gert að greiða málskostnað í máli þessu.

Kröfugerð lögerfingjanna er rökstudd á þessa leið: Hin síðasta erfðaskrá hins látna finnst í fórum hans, en hvorug hinna fyrri. Bendir það til þess, að hún hafi að öllu leyti átt að koma í þeirra stað og útiloka þær. Leiki enginn vafi á því, að Guðni hafi eyðilagt frumrit fyrri skráanna og litið svo á, að það væri nægileg afturköllun. Bent er sérstaklega á ákvæði 2. mgr. 32. gr. erfðalaga, þar sem segir, að erfðaskrá falli úr gildi, þegar arfleiddandi hafi ótvírætt látið í ljós, að hann vilji svo vera láta. Þannig sé afturköllun erfðaskrár óformbundin. Aftur á móti verði lögerfingjar ekki sviptir erfðarétti sínum, nema með vafalausum gerningi í lifanda lífi eða erfðaskrá, sem sé bundin mjög ströngum formreglum.

Bent er einnig á framburði og vottorð nokkurra vitna, sem ganga í þá átt, að Guðni hafi sagt, að stjúpsonur hans, Haraldur, ætti ekki að taka arf eftir hann. Vissulega myndi Guðni ekki hafa orðað það, ef hann hefði ekki staðið í þeirri trú, að báðar fyrri erfðaskrárnar hefðu verið tryggilega afturkallaðar. Þessi umsógn Guðna, viðvíkjandi Harald, sé að öðru leyti mjög sennileg og eðlileg, þegar litið sé til þess hugarangurs, vandræða og útgjalda, sem óreglusemi Haralds hafi bakað honum, og þá einkum á síðari æviárum Guðna.

Þess er og getið, að Árna Stefánssyni héraðsdómslögmanni, er samdi erfðaskrána 1956 fyrir Guðna, hafi verið allsendis ókunnugt um, að Guðni hefði áður gert erfðaskrá, og hafi Guðni ekki minnt á það einu orði. Myndi Guðni vissulega hafa fært þetta atriði í tal, ef hann hefði ekki sjálfur staðið í þeirri trú, að fyrri skrárnar hefðu verið örugglega afturkallaðar.

Þannig verði með engu móti komið hjá að telja, að erfðaskráin 1956 hafi ein gildi, þar eð hinar hafi verið afturkallaðar, og hljóti því að verða að ráðstafa eignum dánarbúsins í samræmi við ákvæði hennar. Þar af leiði, að eignir þær, sem þar séu ekki berlega ánafnaðar neinum sérstökum aðilja, falli til lögerfingja.

Málsútlitun þeirra Haralds Þórðarsonar, Ísafoldar Björnsdóttur og Helgu Elísbergdóttur er á þessa leið: Það er ljóst, að fyrsta arfleiðsluskráin frá árinu 1945 er afturkölluð með skránni frá 1950, þar eð sú síðari geri fullnaðarráðstöfun á eignum arfleiddanda. Hins vegar geri skráin frá 1956 enga heildarráðstöfun,

en aðeins ákveðnar breytingar á fyrri ákvæðum. Það sé því auðséð, að vilji arfleiddanda hafi verið sá, að báðar þessar skrár hefðu fullt gildi, og gengi þó síðari skráin fyrir, að því leyti sem ákvæðum þeirra bæri ekki saman.

Það komi alls ekki til mála, að síðasta arfleiddsluskráin sé afturköllun á hinum fyrri fram yfir efni sitt, og geti þar engu máli skipt, að frumrit fyrri skráanna hafi ekki fundizt. Arfleiddandi hafi einmitt ákveðið, að ef svo færi um skrána frá 1950, skyldi endurrit af notarialbók hafa fullt gildi, en ekkert slíkt ákvæði sé í skránni frá 1956.

Því er mótmælt sem staðlausu, að það hafi verið vilji Guðna að svipta Harald Þórðarson erfðarétti eftir sig. Síðasta skráin beri þetta ekki með sér í neinu, og hefði þó einmitt verið sérstök ástæða til þess að taka það fram berum orðum, ef arfleiddandi hefði haft það í huga.

Í máli þessu hefur komið fram vottorð Guðmundar Finnboga-sonar, Mávahlíð 44, og hefur það verið lagt fram sem rskj. nr. 2. Kveðst Guðmundur hafa verið kunnugur Guðna G. Sigurðssyni frá árinu 1930 eða þar um bil og hafa verið honum mjög handgenginn. Hann segir, að það mun hafa verið á árinu 1956, í þann mund sem Guðni hafi farið á spítala til lækniáðgerðar, sem hann hafi sagt sér, að hann hefði gert 2 erfðaskrár, sem hann væri búinn að rífa og eyðileggja, og þær væru þar með úr sögunni. Myndi hann því gera nýja erfðaskrá og ætla að gera það vegna þess, að hann væri áreiðanlega búinn að gera meira en nóg fyrir stjúpson sinn, Harald Þórðarson, og myndi ekki hlyna frekar að honum, og ætti Haraldur ekkert að erfa eftir sig. Hafi Guðni verið mjög sár í garð Haralds, vegna eins og annars, ekki sízt vegna þess, sem þeim hafði farið á milli í sambandi við móðurarf Haralds. Síðar hafi svo Guðni tjáð sér, að hann hefði gert erfðaskrá þá, sem hann hafði innt að, og væri þar tekið fram, hvað börn Hennings Elísbergssonar skyldu fá og að Haraldur ætti ekkert að erfa. Guðmundur segir engan vafa hafa leikið á um það, að Guðni hafi staðið í þeirri trú, að með því að eyðileggja frumrit fyrri skráanna, væru ákvæði þeirra algerlega úr sögunni. Hafi Guðni oftlega lýst yfir þessari skoðun sinni og að auki, að Haraldur skyldi ekki fá krónuvirði eftir sig. Guðmundur hefur mætt í réttinum sem vitni og gengizt við vottorði þessu og unnið eið að efni þess.

Þá hefur verið lagt fram sem rskj. nr. 3 vottorð Hálfðánar Eiríkssonar, Þórsgötu 17. Í upphafi vottorðsins kveðst Hálfðán hafa

verið nákunnugur Guðna G. Sigurðssyni, svo árum skipti. Sér hafi verið vel kunnugt, að Guðna hafi sárnað mjög við Harald vegna ýmissa greina, sem með þeim urðu, t. d. að Guðni hafi orðið að selja ofanaf sér til þess að geta greitt Haraldj móðurarf hans. Segir Hálfván sér ekki hafa dulizt, að Guðni hafi talið sig vera búinn að gera meira en nóg fyrir Harald og ekki ætlað honum neinn arf eftir sig. Hálfván getur þess, að áður en Guðni gekk undir uppskurð á árinu 1956, hafi hann komið til sín og sagzt vera búinn að gera arfleiðsluskrá og ganga þannig frá öllum sínum málum. Jafnframt hafi Guðni afhent sér til varðveislu nokkur umslög með peningum og verðbréfum til afhendingar hlutaðeigendum, ef hann ætti ekki afturkvæmt af spítalanum. Ekkert þessara umslaga hafi verið merkt Haraldj Þórðarsyni, og kveður Hálfván sér hafa margskilizt á Guðna, að það væri ákveðinn vilji hans, að Haraldur tækj engan arf eftir sig. Hálfván Eiríksson hefur mætt sem vitni í réttinum, og hefur framburður hans verið tekinn gildur sem eiðfestur væri.

Þá liggur fyrir í málinu sameiginleg yfirlýsing Sesselju Björnsdóttur, Grétu Hansen og Hennings Elísbergssonar, sem öll eru búsett að Hæðargarði 10. Hefur þessi yfirlýsing verið lögð fram í málinu sem rskj. nr. 5. Þessir aðiljar skýra svo frá, að Guðni G. Sigurðsson hafi árum saman verið tíður gestur á heimili þeirra. Eftir að hann kom af sjúkrahúsi árið 1956, hafi hann margoфт vikið að því í þeirra áheyrn, að hann væri orðinn svo þreyttur á hegðun Haralds Þórðarsonar og að hann væri búinn að gera svo mikið fyrir Harald, að Haraldur skyldi ekkert eftir sig erfa, því það myndi allt fara til áfengiskaupa. Einnig hafi hann tekið fram í þessu sambandi, að systkinj hans, Stefania, Guðný og Sigurður, hefðu nóg fyrir sig að leggja.

Þessir aðiljar hafa öll mætt hér í réttinum og viðurkennt vottorð þetta rétt í hverri grein. Vitnið Sesselja Björnsdóttir kveður Guðna ekki hafa viljað Harald inn á heimili sitt til dvalar, en ódrukkinn hafi hann þó mátt koma þar. Ekki kveðst hún vita, hvernig Guðni ætlaði að fyrirbyggja það, að Haraldur tækj arf eftir hann. Hún ítrekar, að Guðni hafi iðulega haft orð á því, er hann var staddur á heimili hennar, að Haraldur myndi ekkert erfa eftir sig, en hún kveðst ekki þora að fullyrða, að þau vottorðsgefendurnir hafi öll heyrt hann samtímis lýsa yfir þessu. Gréta Hansen hefur einnig mætt sem vitni, og ber framburði hennar saman við framburð Sesselju í hverri grein. Loks hefur Henning Elísbergsson mætt sem vitni. Skýrir hann svo

frá, að Guðni hafi ekki, svo hann muni, sagt sér, að hann ætlaði að arfleiða Harald Þórðarson að nokkru af eignum sínum, heldur hafi sér heyrzt á Guðna, að hann ætlaðist ekki til, að Haraldur né heldur lögerfingjarnir tækju arf eftir hann.

Umboðsmaður varnaraðiljanna hefur mótmælt vottorðum og framburðum þessara aðilja sem röngum og vilhöllum, en tekið framburðina gilda sem eiðfesta.

Þess skal getið, að vitnið Sesselja Björnsdóttir er móðursystir Haralds Þórðarsonar og móðir Hennings Elísbergssonar og Helgu Elísbergsdóttur, en Helga er aðili að skiptamáli þessu. Þau Henning og Gréta Hansen eru foreldrar barna þeirra, sem taka ættu arf samkvæmt erfðaskránni frá 2. október 1956.

Árni Stefánsson héraðsdómslögmaður hefur gefið vottorð í málinu, sem hefur verið lagt fram sem rskj. nr. 4. Þar segir, að hann hafi eftir ítrekaða beiðni dregið á að skjalfesta erfðaskrá fyrir Guðna G. Sigurðsson, og sé það sú erfðaskrá, sem dagsett er 2. október 1956, rskj. 6. Hafi Guðni lesið skrána yfir, er hún var fullrituð, og sagt, að efni hennar væri í samræmi við vilja sinn. Guðni hafi ekki nefnt það með einu orði við sig, hvorki fyrr né síðar, að hann hefði áður gert erfðaskrá, né heldur hafi hann minnst á, hvert þær eignir skyldu renna, að honum látnum, sem ekki var sérstaklega ráðstafað með þessari skrá. Kveðst Árni raunar ekki hafa innt hann eftir þessum atvörðum. Kveðst Árni hafa gengið út frá því, að slíkar eignir skyldu þá ganga til lögerfingja, og kveðst hafa litið svo á, að með erfðaskrá þessari væri Guðni að svipta lögerfingja sína væntanlegum arfi, en ekki erfingja samkvæmt fyrri erfðaskrá. Árni Stefánsson hefur mætt sem vitni í réttinum, og hefur framburður hans verið tekinn gildur sem eiðfestur væri.

Það verður naumast talin fullnægjandi og lögfull sönnun fyrir því, að hinn látni hafi eyðilaggt frumrit skráanna 1945 og 1950, að þau hafa ekki fundið meðal eftirlátinna eigna hans. Þessi staðhæfing lögerfingjanna þykir heldur ekki studd neinum öðrum gögnum málsins, svo að fullnægjandi verði talið.

Því hefur verið haldið fram af hálfu lögerfingja, að arfleiddandi hafi margsinnis lýst yfir þeim vilja sínum að svipta Harald Þórðarson arfi eftir sig. Hafa nokkur vitni í máli þessu tilfært ýms ummæli arfleiddanda, sem benda í þessa átt. En þó svo að arfleiddandi hafi kunnað að hafa fyrirætlanir í þessa átt, þykir hæpið að leggja svo mikið upp úr þeim þvert ofan í ákvæði þeirra heildarráðstafana, sem erfðaskráin frá 1950 gerir

um eignir arfleiðanda, að þær jafngildi afturköllun á þeim arfi, er arfleiðandi hafði fyrirhugað Haraldj í erfðaskrá sinni frá 14. desember 1950. Ber og á það að líta, að erfðaskráin frá 1956 geymir engin ákvæði um, að Haraldur skuli missa arfs, og hefði þó verið innan handar fyrir arfleiðanda að láta þess getið berum orðum. Þar er heldur ekkert fram komið, sem bendi til þess, að hinn látni hafi ætlað lögerfingjum sínum nokkurn arf eftir sig.

Arfleiðsluskráin frá 14. desember 1950 er samkvæmt hljóðan sinni heildarráðstöfun eigna arfleiðanda, og þykir af þeirri ástæðu óhætt að líta svo á, að með undirskrift hennar hafi arfleiðandi ætlað til, að skráin frá 1945 félli niður. Í skránni frá 2. október 1956 eru gerðar breytingar á arfahlutum tiltekinna erfingja samkvæmt skránni frá 1950, en ekki tekið fram, hvað verði um þær eignir, sem þar er ekki ráðstafað.

Verður að telja skrána frá 1950 í gildi og ráðstafa eignum búsins í samræmi við ákvæði hennar með þeim breytingum, sem leiða af ákvæðum skrárinnar frá 1956. Krafa lögerfingja Guðna G. Sigurðssonar um arf eftir hann verður því ekki tekin til greina.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Krafa lögerfingja Guðna G. Sigurðssonar um arf úr dánarbúi hans verður ekki tekin til greina.

Dánarbúinu skal skipta samkvæmt ákvæðum arfleiðsluskrár frá 14. desember 1950 með þeim breytingum, sem gerðar eru í arfleiðsluskrá frá 2. október 1956.

Málskostnaður fellur niður.